

Fréttabréf

ÚTGÁFA 4/2020

Fréttir af HeiM verkefninu

Í þessu fréttabréfi

- 1 Fréttir af HeiM verkefninu
- 2 Leiðir að menningararfinum
Staða þróunar í
samstarfslöndunum
 - Spánn
 - Króatía
 - Ísland
 - Pólland
- 3 Næstu skref

Meginmarkmið verkefnisins
"Heritage in Motion" er að
efla og auka þekkingu íbúa
landa samstarfsaðilanna í
verkefninu á menningararfi
þeirra og á menningararfi
Evrópu.

Hinn 11. mars 2020 lýsti Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) yfir heimsfaraldri vegna coronaveirunnar sem leiddi til þess að grípa þurfti til óviðráðanlegra aðgerða (force majeure). Í samræmi við þá varfærni sem liggur að baki allra aðgerða í HeiM verkefninu varð því að fresta eða hætta við allmarga þætti verkefnisins bæði þá sem þegar eru í vinnslu og á áætlun.

Leiðir að menningararfinum

Á síðastliðnum mánuðum hefur áhersla verið lögð á að skilgreina og hanna leiðir, prófa þær og nýta til þess þá hæfni og færni sem byggð hefur verið upp í fyrri hlutum verkefnisins.

Þekkingu þeirri og færni sem náðst hefur er ætlað að nýtast þátttakendunum, til að miðla henni til jafningja og axla með því hlutverk "túlkenda" menningararfsins. Þetta er í samræmi við hugmyndafræði verkefnisins að upplifa gildi menningararfsins á virkan hátt og með hreyfingu.

Í þessum þætti verkefnisins hafa hópar fólks á efri árum í hverju samstarfslandanna nýtt sér þessa færni til þess að skilgreina og búa til að eigin vali "leiðir að menningararfinum sem hvetja til virkni og heilbrigðs lífsstíls". Leiðunum með lýsingum er svo hlaðið upp á Netið með Wikiloc hugbúnaðinum.

Sá menningararfur sem valinn hefur verið leggur áherslu á gildi eins og að hafa sérstöðu, vera sjaldgæfur, dæmigerður fulltrúi arfleifðar, aðgengilegur, höfða til tilfinninga, táknrænn, listrænn, einkennandi eða hafa trúarlegt gildi.

Minnst ein leið í hverju landi verður tileinkuð samspili og víxlverkun manns og náttúru



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union





Skammnefnið HeiM stendur fyrir "Heritage in Motion" sem tengir hreyfingu og menningararf. Í samræmi við það hönnum við leiðir að menningararfinum sem hvetja til virkni og heilbrigðs lífsstíls



Sá menningararfur sem valinn er varpar ljósi á ýmis gildi. Til dæmis að hafa sérstöðu, vera sjaldgæfur, dæmigerður fulltrúi arfleifðar, vera aðgengilegur, höfða til tilfinninga, táknrænn, listrænn, einkennandi eða hafa trúarlegt gildi.

Spánn

Leiðir þær sem valdar voru á Spáni byggja á tillögum frá sérfræðingaráðinu og þátttakendunum í verkefninu. Hóparnir fóru í vettvangsferðir til að kynna möguleikum staðanna og skráðu upplýsingar í þau spjöld sem samþykkt voru í verkefninu til þess að ákveða þau atriði sem yrðu hluti leiðarinnar. Að loknum tveggja mánaða undirbúningi hófst svo skráning leiðanna og var komin vel á veg þegar Covid-19 sýkingin fór á flug. Það stöðvaði þó ekki hópana sem hafa unnið rafrænt að frágangi texta, þýðingum og upphleðslu á Wikiloc. Leiðirnar eru eftirfarandi:

- Innsýn í Alicante, býður gönguleið um sögulegan arf höfuðborgar héraðsins.
- Alcoy, náttúra og iðnaður, gimsteinn móðernismans, veitir innsýn í byggingarlist og borgarþróun þessarar helstu iðnaðarborgar Alicante við upphaf 20. Aldar.
- La Vila Joiosa, vettvangur samskipta með áherslu á samspil manns og hafs.
- Fontilles, dæmi um einangrað samfélag sjúkra og byggingarlausnir í þágu heilbrigðis og sóttvarna.
- La Serra Gelada og rómverska villan í El Albir.
- Xabia, tuff (móberg) og ólímd steinhleðsla.

Króatía

U3A í Zagreb, Opni háskólinn í Zagreb (POUZ) hóf að vinna að verkefninu HeiM fyrir rúmu ári síðan. Í verkefninu hugðumst við uppgötva falda fjársjóði Zagreb, sem 50+ kynslóðin þekkir sem menningararf borgar okkar. Eftir frumathuganir á síðastliðnu hausti, tóku 20 manns þátt í námskeiði verkefnisins. Í desember hófu þau að lesa bækur og greinar um sögu Zagreb og festa á blað eigin minningar. Þeggar verkefnið hófst áttum við ekki von á því að Zagreb mundi eiga von á hinni illskeyttu veiru og sýkingar (Covid-19) og svo jarðskjálfta í ofanálág. Sunnudaginn 22. mars klukkan 6:24 að morgni vaknaði Zagreb við að gluggarúður og veggir skulfu, bækur duttu úr hillum, reykfáfar hrundu og gný sem ekkert okkar mun nokkru sinni gleyma. Þessi jarðskjálfti skildi eftir sig óafmáanleg spor á öllum menningararfi okkar og þær ljósmyndir sem teknar voru í verkefnisvinnunni eru minningar til framtíðar um borgina fyrir jarðskjálftann. Þannig munu gestir framtíðarinnar og notendur Wikiloc sjá Zagreb eins og við þekktum hana um leið og hina nýju, særða borg en vonandi í enduruppbyggingu til að verða fegurri og öflugri.



Ísland

Á Íslandi hafa fimm leiðir að ýmsum tegundum menningararfsins verið kannaðar og skráðar í Wikiloc. Leiðirnar sem eru í þróun hér heima eru:

- Sólstöðuganga í Viðey þar sem áningarstaðir eru hús frá 14. fram á 19. öld.
- Ganga um þjóðleið í Elliðaárdal sem var áður notuð jafnt af almenningi (almúganum) sem erlendum þjóðhöfðingjum og könnuðum.
- Ganga á milli útlistaverka í miðbæ Reykjavíkur þar sem flest verkin eru gerð af listamönnum menntuðum í hinum ýmsu listaskólum Evrópu.
- Ganga um Laugarnes og Kirkjusand þar sem fræðst er um byggð í Laugarnesi, sem nær aftur til landnáms, og metnaðarfull áform um uppbyggingu á Kirkjusandi.
- Ganga milli minningarmarka, járnkrossa, í Hólavallagarði.

Leiðirnar eru unnar af þátttakendum í HeiM námskeiði haustsins og sérfræðingum í HeiM teyminu. Stefnt er að því að vinnunni ljúki í maí 2020.



Pólland

Á síðastliðnum mánuðum höfum við unnið að hönnun leiða að þjóðlegum menningararfi. Við höfum safnað upplýsingum, og skrifað lýsingar á leiðunum. Við höfum unnið að eftirfarandi fimm leiðum:

- Varsjá – borg Maríu Sklodowsku-Curie. Frá lítilli stúlku, Marísyu, til heimsfrægrar vísindakonu, Maríu Sklodowsku Curie.
- Bielany skógur. Villt náttúra í miðri borg. Frá meinlætastefnu til skemmtigarðs.
- Sæta Varsjá. Gengið í fótspor frægra sælgætisgerðarmanna.
- Varsjá í fótspor Chopins. Arfur snillings.
- Swidermajer stillinn í Otwock. Perlur tréhúsagerðarlistar í nánd við Varsjá.

Eftir að leiðirnar höfðu verið skilgreindar voru þær prófaðar á göngu og með almenningssamgöngum. Leiðirnar voru síðan hlaðnar upp í Wikiloc með hnitum, myndum og lýsingum. Því miður varð að gera hlé á þessari vinnu vegna Covid faraldursins í byrjun mars.

Í dag sjáum við greinilega gildi þess að uppgötva sífellt, túlka og vernda umhverfi okkar sem og þörfina fyrir að hvetja til virðingar fyrir menningararfi og því mikilvæga hlutverki sem eldra fólk gegnir í því ferli.

Leiðunum sem hannaðar eru í HeiM verkefninu er ætlað að hvetja til og efla virkni eldra fólks og auka um leið áhuga þeirra á að heimsækja og kynna sér evrópskan menningararf



Samstarfsaðilar

Permanent University of the University of Alicante Spain

Contact person: Marian Alesón Carbonell
upua.internacional@ua.es
web.ua.es/upua



U3A Reykjavík Iceland

Contact person: Ingibjörg Gudlaugsdóttir
Ingibjorg.rannveig@gmail.com
www.u3a.is



Towarzystwo Demokratyczne Wschód Poland

Contact person: Aleksandra Kujawska
akujawska@tdw.org.pl
www.tdw.org.pl



Pucko otvoreno učilište Zagreb Croatia

Contact person: Tihomir Ziljak
tihomir.ziljak@pou.hr
www.pou.hr



Næstu skref

Hinar ýmsu leiðir að menningararfi í hverju landi verða birtar á vefsíðu HeiM verkefnisins og auðvelda þannig aðgang að þeim könnunum sem unnar hafa verið og niðurstöðum þeirra.

Hver samstarfsaðili mun hlaða leiðum sínum inn á Wikiloc og vefsíðu HeiM á ensku og eigin tungumáli.

Verkefnisfundurinn TM3 sem vera átti 2. og 3. apríl í Varsjá, Póllandi, var felldur niður vegna Covid-19 faraldursins.

